

Borgarráð

***Starfshópur um innleiðingu jafnlaunastaðals***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um innleiðingu jafnlaunastaðals ÍST 85 eru lögð fram til kynningar. Með jafnlaunastaðlinum geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að launaákvörðanir byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Hlutverk hópsins er yfirumsjón með innleiðingu jafnlaunastaðals hjá Reykjavíkurborg og undirbúningur vottunarferlis.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Drög að erindisbréfi starfshóps um innleiðingu jafnlaunastaðals.

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um innleiðingu jafnlaunastaðals (ÍST 85:2012) hjá Reykjavíkurborg

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Inngangur:

Jafnlaunastaðallinn ÍST 85 er stjórnunarstaðall fyrir jafnlaunakerfi. Staðlinum er ætlað að nýtast öllum fyrirtækjum og stofnunum óháð stærð, starfsemi, hlutverki og kynjahlutfalli. Þá er honum ætlað að tryggja fagleg vinnubrögð sem fyrirbyggja beina og óbeina mismunun vegna kyns. Með jafnlaunastaðalsins geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er yfirumsjón með innleiðingu jafnlaunastaðals hjá Reykjavíkurborg og undirbúningur vottunarferlis. Undirbúningi, innleiðingu og vottun skal ljúka eigi síðar en 31. desember 2018 í samræmi við breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Verkefnahópur um innleiðingu jafnlaunastaðals skipaður aðilum úr starfshópnum sér um framkvæmd innleiðingar skv. forgangsröðun og áherslum starfshópsins hverju sinni.

### Helstu verkefni:

- Gera verk-, tíma- og fjárhagsáætlun fyrir innleiðingu jafnlaunastaðals.
- Skilgreina hlutverk og ábyrgðarsvið við þróun og innleiðingu jafnlaunastaðals.
- Kortlagning laga, reglna og annarra skuldbindinga sem Reykjavíkurborg undirgengst og á við um jafnlaunakerfi og skilgreina hvernig þau lög / kröfur tengjast framkvæmd jafnlaunastefnunnar.
- Greina launasamsetningu starfsfólks borgarinnar og kortleggja hlunnindi starfsfólks.
- Utanumhald um skilgreiningu allra starfa Reykjavíkurborgar og innköllun starfslýsinga.
- Vinna drög að jafnlaunastefnu fyrir Reykjavíkurborg.
- Skilgreining á jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar, þ.m.t. á viðmiðum og verklagi launasetningar hjá Reykjavíkurborg og bera saman við gildandi lög og reglur.
- Skilgreina hlunnindi starfsfólks og vinna drög að stefnu og verklagsreglum þar að lútandi.
- Gera áætlun um þjálfun og fræðslu, annars vegar til þeirra sem koma að jafnlaunakerfi borgarinnar og hins vegar til almenns starfsfólks.

### Starfshópurinn skipa:

Helga Björg Ragnarsdóttir (formaður), skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar.

Starfsmannstjórar fagsviða.

Auður Lilja Erlingsdóttir, teymisstjóri starfsmats.  
Deildarstjóri/lögfræðingur kjaradeildar.  
Theódóra Sigurðardóttir, lögfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.  
Skrifstofustjóri/sérfræðingur mannréttindaskrifstofu.  
Þórhildur Ósk Halldórsdóttir, deildarstjóri tölfræði og greiningar.  
Svavar Józefsson, sérfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

**Starfsmaður starfshópsins:**

Harpa Hrund Berndsen, mannauðsdeild Ráðhúss.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Starfshópurinn hefur heimild til að ráða utanaðkomandi verkefnisstjóra/ráðgjafa.

**Starfstími:**

Stefnt skal að því að innleiðingu ljúki og að starfshópurinn skili ábyrgðarmanni lokaskýrslu um innleiðingu fyrir árslok 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson